

Alþingi
Erindi nr. P 127/1736
komudagur 9.4.2002



SKÓGRÆKT
RIKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 8. apríl 2002


Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014.

Landgræðsluáætlun felur í sér verulega aukningu á framlögum til Landgræðslu ríkisins miðað við núverandi fjárlög og áframhaldandi árlega aukningu út tímabilið sem áætlunin nær til. Ekki er dregið í efa að aukning á framlögum nýtist vel til landgræðslustarfsins, enda nánast óendanlegt verk að vinna í þeim efnum. Hins vegar er þess hvergi getið hvaðan þessir peningar eiga að koma nema að þeir eiga að verða til við fjárlagagerð. Þetta er áhyggjuefni fyrir Skógrækt ríkisins og aðrar stofnanir innan landbúnaðargeirans. Ef ekki er skýrt tekið fram að þessi aukning til Landgræðslu ríkisins komi til við stækkun á fjárlagaramma landbúnaðarráðuneytisins þá þarf annað hvort að lækka framlög til annarra stofnana landbúnaðarráðuneytisins til að mæta landgræðsluáætlun eða landgræðsluáætlun verður marklaust plagg. Hvorugt er viðunandi.

Annað sem vantar í landgræðsluáætlun er mælanleg markmiðssetning. Í athugasemdum kemur fram allitarleg lýsing á núverandi verkefnum Landgræðslunnar ásamt óskalista um ný verkefni. Hins vegar koma hvergi fram töluleg viðmið, t.d. um hverju landgræðslustarfið skilar núna samanborið við áætlaðan árangur miðað við hækkunar á fjárframlögum. Dæmi um slíkar tölur eru; hektarar lands þar sem gilda landgræðslumarkmið, hektarar sáninga á ári, vinnustundir í rannsóknum, útgefnar skýrslur, fræuppskera o.m.fl. Beiðni um aukin fjárframlög fylgir sem sagt ekki loforð um aukinn árangur í landgræðslustarfinu sem hægt væri að mæla.

Þá verður að leiðrétta ákveðna sögufölsun sem kemur fram á bls. 3 í grein 1.1, en þar er þessi setning: "Landgræðslan var stofnuð árið 1907 og hét þá Sandgræðsla Íslands." Sú stofnun sem var stofnuð 1907 hét og heitir enn Skógrækt ríkisins. Sandgræðslumaður var frá upphafi starfsmaður Skógræktar ríkisins og má því réttilega segja að Landgræðslan eigi rætur sínar að rekja allt aftur til 1907. Hins vegar varð Sandgræðsla Íslands ekki til fyrr en 1914 þegar sandgræðslumaður var færður frá Skógrækt ríkisins og settur undir Búnaðarfélag Íslands.

f.h. Skógræktar ríkisins


Þröstur Eysteinnsson
fagmálastjóri